

## LÖG

**um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011  
(leiðrétting, framlenging gildistíma).**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Heildarfjárhæð flutningsjöfnunarstyrkja skal ákveðin með reglugerð sem ráðherra setur. Flutningsjöfnunarstyrkir til hvers framleiðanda mega ekki fara fram úr fjárhæð þeirri í gjaldmiðli Evrópusambandsins á þriggja ára tímabili sem Evrópusambandið tilgreinir sem minniháttaraðstoð Eftirlitsstofnunar EFTA og er þar af leiðandi ekki tilkynningarskyld til Eftirlitsstofnunar EFTA. Við umreikning í íslenskar krónur skal miða við gengi samkvæmt reglum sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Við útreikning hámarksfjárhæðar skal reikna með aðra styrki sem framleiðandi hefur fengið frá opinberum aðilum. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

## 2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í 1. málsl. 12. gr. laganna kemur: 31. desember 2030.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 2025.***Kristrún Frostadóttir.****Bryndís Haraldsdóttir.**  
(L. S.)**Benedikt Bogason.**

---

*Eyjólfur Ármannsson.*